AUGLÝSING

um deiliskipulag í miðbæ Húsavíkur.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag í miðbæ Húsavíkur. Svæðið afmarkast af Höfðavegi/Pálsgarði, Garðarsbraut, Stóragarði og Ketilsbraut. Tillagan, uppdráttur og greinargerð, voru til kynningar á bæjarskrifstofu Húsavíkur, frá og með 29. nóvember 2000 til 29. desember 2000. Frestur til að bera fram athugasemdir var til 15. janúar 2001.

Athugasemdir bárust í þremur liðum frá Lögmannsstofu Berglindar Svavarsdóttur f.h. Kaupfélags Þingeyinga og Garðarsbrautar 5 ehf. Bæjarstjórn Húsavíkur hefur fjallað um athugasemdirnar og breytt uppdrætti í samræmi við eina þeirra. Hægt er að nálgast athugasemdir gerðar við tillöguna og umsagnir skipulagsnefndar um þær á bæjarskrifstofu Húsavíkur.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Byggingarfulltrúi Þingeyinga, 9. apríl 2001.

Gaukur Hjartarson.

Nr. 328 20. apríl 2001

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Vatn til heimilisnota (kranavatn) má ekki nota til upphitunar af neinu tagi. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmur en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingum.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir: